



Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

### **Skáksamband Reykjavíkur**

Samningur Reykjavíkurborgar við Skáksamband Íslands frá 2021 rann út um seinustu áramót vegna Reykjavíkurskákómóta.

Hjálagt fylgja drög að nýjum samningi við Skáksambandið til tveggja ára vegna Reykjavíkurskákómóta.

Lagt er til að menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykki samninginn fyrir sitt leyti og vísi honum til staðfestingar borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,

sviðsstjóri.

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd styrkveitandi annars vegar og Skáksamband Íslands kt. 580269-5409, hér eftir nefndur styrkþegi hins vegar, gera með sér svohljóðandi

## S A M N I N G

### 1. gr.

Til að styðja við kostnað af mótshaldi við Reykjavíkurskáknot mun styrkveitandi veita styrkþega árlegan styrk að fjárhæð kr. ~~4.000.000~~3.700.000.- á tímabilinu 2023~~1~~ til 2024~~2~~.

Samtals nemur fjárhæðin kr. ~~8.000.000~~7.400.000.- á samningstímanum.

### 2.gr.

Styrkur styrkveitanda samkvæmt samningi þessum er veittur til stuðnings við Reykjavíkurskáknot árin 2023~~1~~ og 2024~~2~~.

~~Einnig er fyrirhugað að mótið 2021 verði jafnframt EM einstaklinga í skák.~~

### 3. gr.

Á öllu kynningarefni styrkþega skal koma fram að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg. (hér slóð inn á merki Reykjavíkurborgar)

### 4. gr.

Við lok samningstímans skulu styrkþegar skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað á hverju ári sem og ársreikningur eftir því sem við á. Skáksambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iðkendafjölda í skákhreyfingunni, eftir aldri og kyni.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

### 5. gr.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í febrúar á ári hverju og verður greiddur á reikning nr. 101-26-12763, kt. 580269-5409.

### 6.gr.

Gildistími samnings þessa er frá undirritun hans til 1. desember 2024~~2~~. Hvor aðili um sig getur þó sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur

samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7. gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitanda standa til, eða ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði samningsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda samningsaðila í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík, [febrúar 2023.](#)

---

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Skáksambands Íslands.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

Samþykkt í borgarráði [.....](#)